

Stjórnarfundur FEB nr. 453

Stangarhyl 4, fimmtudaginn 5. nóvember 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamennirnir Sverrir Örn Kaaber og Finnur Birgisson sem ritaði fundargerð. Kári Jónasson aðalmaður tók þátt í fundinum gegnum netsamband.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert Þ. Bender aðalmaður og Haukur Arnþórsson varamaður.

Dagskrá:

1. Fundarritun

Óskað var eftir að Finnur B ritaði fundargerð í fjarveru ritara og féllst hann á það, en vakti jafnframt athygli á þeim möguleika að tilnefndur yrði formlega vararitari úr hópi aðalmanna í stjórn.

2. Starfsemi félagsins

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðunni, sem markast af kóvid faraldri og sóttvarnarráðstöfunum yfirvalda. Engin starfsemi er í salnum og skrifstofunni var lokað mánud. 2.11. og verður lokað til fö. 13.11. en þó er þar viðvera og svarað er í síma. Heimasíðan er mikilvægur upplýsingamiðill í þessari stöðu, ekki síst viðburðadagatalið. Íslendingasagnanám-skeið var ekki fellt niður heldur haldið gegnum alnetið.

3. Kjaramálin

Ingibjörg formaður greindi frá fundi í nýskipaðri kjaranefnd félagsins þann 3.11. en á honum var Finnur B kosinn formaður. Stjórnin óskaði eftir því að Finnur semdi bréf f.h. stjórnar til þingmanna kjördæmisins með hvatningu til þeirra um að standa dyggan vörð um hagsmunu almennra kjósenda sinna.

Upplýst var að borist hefði beiðni frá Alþingi um umsögn um frumvarp um aldurstengda örorkuuppbót, og var henni vísað til kjaranefndar.

4. Skýrsla ríkisendurskoðunar um TR

Farið var yfir samantekt um helstu gagnrýniatriði og tillögur sem fram koma í skýrslunni og snúa annarsvegar að þjónustuháttum stofnunarinnar og hinsvegar að lagaramma mála-flokksins. Kjaranefnd var falið að fjalla nánar um skýrsluna.

5. Styrkumsóknir

Greint var frá þremur styrkumsóknum sem sendar hafa verið út. Einnig sagt frá auglýsingu félagsmálaráðuneytisins um styrk „vegna verkefna á sviði félagsmála“ og var ákvæðið að sækja líka um þann styrk.

6. Skipun í nefndir innan félagsins

Bent var á að tímabært væri að verða að byrja að undirbúa útgáfu félagstíðinda, sem þyrftu að koma út fyrir aðalfund sem væntanlega yrði í febrúar 2021. Ákveðið var að Ingibjörg formaður og Dýrleif framkvæmdastjóri yrðu í ritnefnd ásamt þeim Sverri Kaaber,

Geir Guðsteinssyni, Kára Jónassyni og Ingibjörgu Óskarsdóttur.
Skipun í aðrar nefndir var frestað.

7. Fjármál félagsins

Framkvæmdastjóri greindi frá því að áætlað væri að tap á rekstrinum yrði um 6 milljónir á árinu. Tekjuöflun hefur dregist mjög saman af augljósum ástæðum. Nýhafin er útsending á tækifæriskortum til félagsmanna sem virðist ætla að skila nokkrum tekjum. Þá hefur einnig birst fyrsta selda auglýsingin á forsiðu feb.is.

8. Íbúðabyggingamál.

Ingibjörg formaður greindi frá áhuga sínum á því að ræða við byggingafélagið Samtök aldraðra um mögulegt samstarf, og samþykkti stjórnin að hún tæki upp viðræður við SA.

9. Önnur mál

Sagt var frá hugmynd um aðventufagnað fyrir stjórn og starfsmenn í Stangarhyl 3. desember kl. 18-20.

Fleira ekki gert, - fundi slitið kl. 11:30

Ingibjörg H. Gunnarsdóttir

Sigurleytg. Guðlaugsdóttir

Ólafur Ben Jonsson

Þórunn Jónsson

Ólafur Guðmundsson

Ingibjörg Óskarsdóttir

Þórunn Þorjónsson